

Mánudaginn 26. nóvember 1990.

Nr. 208/1990. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Andra Hrannari Einarssyni

(Jón Magnússon hrl.).

Nytjastuldur. Umferðarlög. Ökuleyfissvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Benedikt Blöndal og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1990 refsingu til þyngingar og jafnframt krafist þess, að sviptingartími ökuréttinda verði lengdur.

Verjandi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur koma eigi til meðferðar fyrir Hæstarétti, þar sem hvorugur málsaðila hefur óskað þess, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hafi framið þau brot, sem honum eru gefin að sök. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga.

Hinn 7. mars 1989 sætti ákærði 10.000 króna sekt með dómsátt í sakadómi Siglufjarðar svo og ökuleyfissviptingu í einn mánuð frá sama degi að telja fyrir brot á 4. gr., 2. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 45. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Dómsátt þessi hefur ítrekunaráhrif samkvæmt 3. mgr. 102. gr. sömu laga. Fram kemur í gögnum málsins, að hinn 6. júní 1989 svipti lögreglustjórinn á Siglufirði ákærða ökuleyfi til bráðabirgða samkvæmt 103. gr. umferðarlaga. Var ökuleyfissvipting þessi, sem taka skyldi gildi sama dag, birt ákærða samdægurs. Með hinum áfrýjaða dómi var ákærði sviptur ökuréttindum í sex mánuði frá birtingu hans, 6. febrúar 1990.

Ákærði þykir samkvæmt 101. gr., sbr. 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga hafa unnið til sviptingar ökuréttinda í tvö ár og sex mánuði. Samkvæmt framansögðu hefur hann verið sviptur ökuleyfi í samtals

14 mánuði. Ber því að ákveða, að ákærði verði sviptur ökuleyfi í 16 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma áfrýjanda til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Andri Hrannar Einarsson, sæti varðhaldi í 45 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í sextán mánuði til viðbótar frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði Kristni Georgssyni 72.222 krónur í skaðabætur. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Áfrýjandi greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. febrúar 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 6. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 73/1990: Ákærvaldið gegn Andra Hrannari Einarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 24. janúar síðastliðinn, á hendur Andra Hrannari Einarssyni verkamanni, Bogahlið 14, Reykjavík, fæddum 1. apríl 1969 í Reykjavík, „fyrir að aka eftirgreindum bifreiðum um götur á Siglufirði í heimildarleysi og undir áhrifum áfengis aðfaranótt mánudagsins 1. maí 1989, svo sem hér er rakið:

- 1) Bifreiðinni F-159 frá Suðurgötu 22 og svo óvarlega á Skarðsvegi sunnan við Vatnsdæluhúsið, að hún lenti út af veginum og festist í snjóruðningi.
- 2) Því næst bifreiðinni F-737 frá Laugarvegi 38 og svo óvarlega norður Túngötu, að bifreiðin hentist inn í innkeyrslu að Shellportinu og festist í snjóskafli.
- 3) Að því bónu bifreiðinni F-577 frá Lækjargötu 8 að Laugarvegi 20 og á þeirri leið svo óvarlega suður Laugarveg við hús nr. 7, að bifreiðin rakst á bifreiðina A-12827, sem þar var kyrrstæð.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr.

19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 1. mgr. 4. gr. og 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar öku-réttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakar-kostnaðar og skaðabóta.“

Málavextir.

1) Sunnudagskvöldið 30. apríl 1989 fór ákærði, sem þá var til heimilis að Suðurgötu 59 á Siglufirði, á dansleik á Hofsósi. Á leið á dansleikinn, á dansleikum sjálfum og á leiðinni frá Hofsósi til Siglufjarðar neytti ákærði áfengis. Þegar ákærði kom til Siglufjarðar, gekk hann suður Suðurgötu. Á móts við hús nr. 22 við þá götu stóð bifreiðin F-159. Fór hann inn í bifreiðina, sem var ólæst og með kveikjulaslykil í kveikjulas, gangsetti hana og ók henni því næst suður Suðurgötu og fram Fjarðarveg fram fyrir dælustöð vatnsveitunnar við Skarðsveg, þar sem bifreiðin lenti út af veginum og festist í snjó. Yfirgaf ákærði að svo búnu bifreiðina og fór fótgangandi til kaupstaðarins.

Klukkan 10.40 um morguninn var ákærði boðaður á lögreglustöðina til yfirheyrslu, og þar tók læknir blóðsýni úr ákærða kl. 11.50. Reyndist það innihalda 1,23‰ alkóhóls.

Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði viðurkennt, að aðfaranótt mánudagsins 1. maí 1989 hafi hann tekið bifreiðina F-159 í heimildarleysi og ekið henni undir áhrifum áfengis frá Suðurgötu 22 á Siglufirði og svo óvarlega á Skarðsvegi sunnan við Vatnsdæluhúsið, að bifreiðin lenti út af veginum og festist í snjóruðningi.

2) Í framhaldi af því, sem segir í lið 1 hér að framan, fór ákærði fótgangandi norður Norðurtún að Laugarvegi. Þegar hann kom að húsi nr. 38 við þá götu, sá hann, að þar stóð bifreiðin F-737. Var hún ólæst og kveikjulaslykill í kveikjulas. Fór ákærði inn í bifreiðina, gangsetti hana og ók henni því næst sem leið lá norður Laugarveg, Suðurgötu og Túngötu, en þar yfirgaf hann bifreiðina, eftir að hafa fest hana í snjóskafli, sökum þess, hve óvarlega hann hafði ekið henni norður Túngötu, en við það hentist bifreiðin inn í innkeyrsluna að Shellportinu og festist, sem fyrr segir, í snjóskafli.

Kl. 10.40 um morguninn var ákærði boðaður á lögreglustöðina til yfirheyrslu. Í þágu rannsóknar málsins var honum tekið blóðsýni þar kl. 11.50 til ákvörðunar á alkóhóli í blóði. Reyndist sýnið innihalda 1,23‰ alkóhóls.

Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði greiðlega viðurkennt, að aðfaranótt mánudagsins 1. maí 1989 hafi hann tekið bifreiðina F-737 í

heimildarleysi við húsið nr. 38 við Laugarveg á Siglufirði og ekið henni undir áhrifum áfengis norður þá götu, norður Suðurgötu og Túngötu og svo óvarlega norður síðastnefndu götuna, að bifreiðin hentist inn á innkeyrsluna að Shellportinu og festist þar í snjóskafli.

3) Að afloknu því, sem rakið er í lið 2 í ákærinni, gekk ákærði suður Túngötu, austur Eyrargötu og suður Lækjargötu. Þegar hann kom að húsinu nr. 18 við þá götu, sá hann, að þar stóð bifreiðin F-577. Var hún ólæst með kveikjulaslykilinn í kveikjulasnum. Fór ákærði inn í bifreið þessa, gangsetti hana og ók henni að svo búnu suður Lækjargötu, vestur á Suðurgötu, suður þá götu og loks suður Laugarveg að húsinu nr. 20. Við húsið nr. 7 við Laugarveg stóð bifreiðin A-12827. Þegar ákærði ók fram hjá húsi þessu, ók hann svo óvarlega, að bifreiðin F-577 rakst utan í þá bifreið. Eftir að hafa yfirgefið bifreiðina við Laugarveg 20, fór hann fótgangandi heim til sín að Suðurgötu 59.

Kl. 10.40 var ákærði boðaður á lögreglustöð til yfirheyrslu, og kl. 11.50 var honum tekið þar blóð til ákvörðunar á alkóhólmagni í blóði. Reyndist sýnið innihalda 1,23‰ alkóhóls.

Við rannsókn og meðferð málsins viðurkenndi ákærði, að aðfaranótt mánudagsins 1. maí 1989 hefði hann tekið bifreiðina F-577 í heimildarleysi við húsið nr. 8 við Lækjargötu á Siglufirði og ekið henni undir áhrifum áfengis að Laugarvegi 20 þar í kaupstaðnum. Er hann var að aka suður síðastnefndu götuna, hefði hann ekið bifreiðinni svo óvarlega við húsið nr. 7, að hún hefði rekist á bifreiðina A-12827, sem verið hefði kyrrstæð við fyrrgreint hús.

Niðurstaða.

Með afdráttarlausum játningum ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum málsins telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í öllum þremur liðum ákærunnar. Varðar atferli ákærða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1956, 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum, sem hér segir:

Ákærufræstun, skb. 2 ár, frá 1.2.'88 f. brot g. 244. gr. alm. hgl.

1988 20/2 Siglufjörður. Sátt: 4.000 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.

1989 7/3 Siglufjörður. Sátt: 10.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 45. gr. umfl. Svipur ökul. 1 mán. frá 7.3.'89.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 259. gr. al-

mennra hegningarlaga og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Verður hún ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsingin hæfilega ákveðin varðhald í 3 mánuði, en rétt er þó að fresta fullnustu hennar í 3 ár frá uppkvaðningu dómsins, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þessu til viðbótar þykir rétt að dæma ákærða til greiðslu 35.000 króna sektar til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuréttindum. Þykir hæfilegt, að sviptingin vari í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Skadabætur og sakarkostnaður.

Kristinn Georgsson, Suðurgötu 22, Siglufirði, eigandi bifreiðarinnar F-159, hefur krafist skadabóta úr hendi ákærða. Er endanleg bótakrafa sundurliðuð þannig:

Viðgerðarkostnaður samkv. meðf. nótum	kr. 72.222
Daggjald vegna rekstrarstöðvunar í 3 daga, kr. 3.062	
pr. dag	— 9.186
Ferðakostnaður til og frá viðgerðarstað	— 5.000
	<hr/>
Samtals	kr. 86.408

Vaxta er ekki krafist.

Ákærði hefur samþykkt 1. lið kröfunnar, en mótmælt hinum tveimur. Fyrsti liður er studdur gögnum, en hinir ekki. Ber að vísa 2. og 3. lið kröfunnar frá dómi, en dæma ákærða til greiðslu bóta skv. 1. lið, að fjárhæð kr. 72.222, til Kristins Georgssonar.

Sverrir Jónsson, Laugarvegi 38, Siglufirði, eigandi bifreiðarinnar F-737, krefst skadabóta, að fjárhæð kr. 40.000, sem hann kveður byggðar á mati bifvélavirkja. Vaxta er ekki krafist. Fyrir dómi mótmælti ákærði kröfunni. Hún er ekki studd neinum gögnum. Ber því að vísa henni frá dómi.

Þá hefur Sigurlaug Guðjónsdóttir, eigandi bifreiðarinnar F-577, lagt fram skadabótakröfu, sem sundurliðast þannig:

Rétta v/hlið (hurðir, afturbretti),	
— h/afturhurð og svuntu framan,	
vinna ca.	kr. 12.000
Sprauta v/hlið, h/afturhurð, svuntu	— 39.100
1 stk. dekk	— 2.500
1 — framljós	— 1.650

Framrúða og isetning

kr. 7.500

Kr. 60.500

Vaxta er ekki krafist.

Ákærði mótmælti kröfunni fyrir dómi. Krafa þessi er ekki studd neinum gögnum, en sýnist byggð á áætlun Ragnars Guðmundssonar, bifvélavirkja á Siglufirði. Ber að visa kröfunni frá dómi.

Loks hefur bæjartæknifræðingurinn á Siglufirði, Þráinn Sigurðsson, f.h. Siglufjardarkaupstaðar gert kröfu um 25.000 króna skaðabætur vegna skemmda á bifreiðinni A-12827. Hér er um áætlaðan viðgerðarkostnað að ræða, en krafan er ekki studd neinum gögnum. Þá er ekki krafist vaxta. Ákærði hefur fyrir dómi mótmælt kröfunni, en með vísan til framanritaðs er henni vísað frá dómi.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Andri Hrannar Einarsson, sæti varðhaldi 3 mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún falla niður að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði 35.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði Kristni Georgssyni kr. 72.222 í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.